




Meðaleyðsla erlendra ferðamanna að aukast

Meðalneysla erlendra ferðamanna hefur verið meiri á fyrstu 11 mánuðum ársins en á sama tíma í fyrra. Þannig nam kortavelta á hvern ferðamann tæplega 122 þúsund krónum á þessu ári borið saman við 115 þúsund krónur á sama tíma í fyrra. Aukningin nemur 5,5% (u.þ.b. 3,5% aukning á föstu verðlagi) sem er töluvert meiri aukning en milli árána 2014 og 2013 þegar hún var 0,5%.

Neysla Kínverja jókst um þriðjung

Í talningum Ferðamálastofu á erlendum ferðamönnum sem koma inn í landið eru 17 þjóðir taldar sérstaklega. Af þessum þjóðum jókst meðalneysla ferðamanna 11 þjóða en ferðamenn 6 þjóða drógu úr neyslu sinni mælt í krónum. Þeir ferðamenn sem juku neyslu sína mest voru Kínverjar en neysla þeirra jókst um rúman þriðjung. Önnur þjóð sem jók neyslu sína verulega voru Bandaríkjamenn sem eyddu um fjórðungi meira að meðaltali en árið áður. Þessa aukningu má að hluta til rekja til þess að gengi gjaldmiðla þessara þjóða var sterkara gagnvart krónunni á þessu ári en í fyrra og því óx kaupmáttur þeirra hér á landi milli ára. Mest dróst neyslan saman hjá rússneskum ferðamönnum, eða um 6%, sem kemur ekki á óvart í ljósi mikillar veikingar rúblunnar á árinu. Rússar eru mjög háðir útflutningi á olíu og gasi en mikið verðfall hefur orðið á heimsmarkaðsverði olíu frá því í fyrra. Rúblan var tæplega þriðjungum verðminni á fyrstu 11 mánuðum þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra. Af þessum 17 þjóðum eru það Rússar sem hafa horft upp á langmestu veikingu síns gjaldmiðils gagnvart krónunni. Þar á eftir koma Norðmenn en þeir eiga við sama vandamál að stríða og Rússar varðandi verðþróun á olíu þó að það sé smærra í sniðum. Af þeim þjóðum sem hafa notið styrkingar síns gjaldmiðils gagnvart krónu hafa Bandaríkjamenn séð mestu styrkinguna eða 14%. Þar á eftir Kínverjar með 12%. Allir sjálfstæðu gjaldmiðlar Norðurlandanna hafa veikst gagnvart krónu.


Breyting í neyslu ferðamanna



Sýnir breytingu á neyslu hvers ferðamanns í krónum milli fyrstu 11 mánaða þessa árs borið saman við sama tímabil í fyrra.

Heimild: Ferðamálastofa, Rannsóknarsetur verslunarinnar

Breyting gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni



Breyting á meðalgengi fyrstu 11 mánaða árána 2014 og 2015

Heimild: Seðlabanki Íslands



Bandaríkjamenn skýra tæplega helming veltuaukningarinnar

Samtals nam kortavelta erlendra ferðamanna um 145 ma.kr. á fyrstu 11 mánuðum ársins en það er um 37% meiri velta en á sama tíma í fyrra. Þessi aukning skýrist augljóslega að mestu leyti af auknum fjölda ferðamanna en fjöldinn var 30% meiri en á sama tíma í fyrra. Sé litið til framlags einstakra þjóða til vaxtarins eru það Bandaríkjamenn sem skýra tæplega helming hans. Framlag Breta er síðan 4,8% en aðrar þjóðir eru með mun lægra hlutfall og sumar neikvætt. Sé litið til framlags annarra landa en þessara 17 nemur það 6,8%. Ástæða fyrir þessu mikla framlagi bandarískra ferðamanna er margþætt. Í fyrsta lagi eru þeir fjölmennastir af erlendu gestunum en rúmlega 230 þúsund þeirra sóttu landið heim fyrstu 11 mánuði ársins. Í öðru lagi eru þeir tæplega 60% fleiri en á sama tíma í fyrra. Í þriðja lagi jók hver bandarískur ferðamaður neyslu sína hér á landi um fjórðung miðað við sama tímabil í fyrra. Það má síðan aftur rekja til aukins kaupmáttar þeirra hér á landi vegna styrkingar dollarans en einnig vegna þess að neysla í þeirra eigin gjaldmiðli jókst.


Svisslendingar neyta mest

Þær þjóðir sem eyða mestu hér á landi eru Svisslendingar með rúmlega 200 þúsund krónur á hvern ferðamann. Að þeir séu hæstir á þennan mælikvarða helgast að töluverðu leyti af því að dvalarlengd þeirra er einna mest af þessum þjóðum. Einungis Þjóðverjar dvelja hér lengur. Hér skiptir einnig máli að tekjur á mann í heimalandinu mældar í hlutfalli af landsframleiðslu eru einna hæstar hjá Svisslendingum af þessum ríkjum. Af þessum þjóðum eru það einungis Norðmenn sem eru með hærri verga landsframleiðslu á mann. Norðmenn eru einmitt sú þjóð sem neytir einna mest og var meðalneyslan um 153 þúsund á fyrstu 11 mánuði ársins á hvern Norðmann. Þegar tekið er mið af dvalarlengd hafa Norðmenn vinninginn, meðaleyðsla þeirra á hverja gistinótt er langhæst. Kortavelta á gistinótt er rúmar 32.250 krónur en Bandaríkjamenn koma þar næstir með 24.640 kr.

Efnaðri/eyðsluglaðari ferðamenn?


Ein mæling á eyðslu ferðamanna sem er sérstaklega áhugaverð er eyðsla þeirra hér á landi mæld í þeirra eigin gjaldmiðli. Hún gefur til kynna hvort hingað séu mögulega að sækja efnaðri ferðamenn eða

Framlag einstakra þjóða til heildarvaxtar kortaveltu




Sýnir framlag einstakra þjóða til heildarvaxtar greiðslukortaveltu erlendra ferðamanna. Breytingin miðast við fyrstu 11 mánuði árána 2014 og 2015
Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar

Kortavelta á ferðamann



Heimild: Ferðamálastofa, Rannsóknarsetur verslunarinnar

Breyting í neyslu í heimagjaldmiðli



Sýnir breytingu í neyslu þjóðanna í þeirra eigin gjaldmiðli á hvern ferðamann milli árána 2014 og 2015
Heimild: Ferðamálastofa, Rannsóknarsetur verslunarinnar, Seðlabanki Íslands



eyðslufrekari ferðamenn. Af þessum 17 þjóðum juku allar þjóðir nema ein neyslu sína á mann milli ára en Svisslendingar drógu úr neyslu sinni um 8,3% mælt í þeirra eigin gjaldmiðli. Langmesta aukningin var hjá Rússum en þeir virðast hafa kafað djúpt ofan í budduna í ljósi þeirrar veikingar sem orðið hefur á rúblunni á árinu. Þannig juku Rússar neyslu sína hér á landi um alls 36% í sínum eigin gjaldmiðli. Þar á eftir komu Kínverjar með 21% og svo Hollendingar með 16%. Þessi þróun er í raun framhald á því sem gerðist á síðasta ári en þá juku nær allar þjóðirnar neyslu sína milli ára í eigin gjaldmiðli. Þessi þróun er jákvæð enda skiptir ekki síður máli tekjulega séð að hver ferðamaður sé að neyta meira en að þeim sé að fjölga.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.